MANNLÍF

1. TÖLUBLAÐ 40. ÁRGANGUR
FÖSTUDAGUR 20. JANÚAR 2023

BAKSÝNISSPEGILLINN • MATARÆÐINGURINN • STÆKKUNARGLERIÐ • LÍFSREYNSLUSAGAN • SAKAMÁLIÐ • SAMFÉLAGIÐ

„Sumir halda að ég sé slæmur maður“

Einkaviðtal við
Tony Omos

Flóttamaðurinn sem felldi dómsmála-ráðherrann

Þriggja barna faðir og leigubílstjóri í Keflavík

MANNLÍF **Útgáfufélag:** Sólartún ehf.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Reynir Traustason
Útgáfustjóri: Katrín Guðjónsdóttir
Gæðastjóri: Kolbeinn Þorsteinsson
Markaðsstjóri: Valdís Rán Samúelsdóttir
Auglýsingastjóri: Elsa Hrund Kristinsdóttir
Ljósmyndari: Kazuma Takigawa

Blaðamenn: Björgvin Gunnarsson, Guðjón Guðjónsson, Harpa Mjöll Reynisdóttir, Katrín Guðjónsdóttir, Lára Garðarsdóttir, Svava Jónsdóttir.

Í góðum málum / slæmum málum 4
Leiðarinn 6
Fjölmiðlapistillinn 8
Orðrómur 8
Sjóarinn 10
Fréttamálið 12
Viðtalið 18
Baksýnisspegillinn 30
Helgarpistillinn 34
Lífsreynslusagan 36
Leiklistargagnrýni 38
Útivist 44
Stækkunarglerið 46
Vín og matur 48
Síðast, en ekki síst 50



Í GÓÐUM MÁLUM

Umsjón: Harpa Mjöll Reynisdóttir

103 Reykjavík

Íbúar í póstnúmerinu 103 Reykjavík mælast með langhæstu meðaltekjur borgarbúa. Sanna Magdalena Marteinsdóttir, borgarfulltrúi sósíalista, óskaði eftir því að fá heildarútsvarstekjur borgarinnar greindar eftir póstnúmerum, frá fjármála- og áhættustýringarsviði Reykjavíkur. Mætti því segja að þeir 2.500 íbúar sem eru í hverfi 103 séu ágætlega staddir fjárhagslega og því í góðum málum.

Í SLÆMUM MÁLUM



Mikið frost hefur verið yfir landinu og eru margir orðnir þreyttir. Ólíklegt er þó að nokkur sé þreyttari en blessaðir fuglarnir. Endur og gæsir frjósa fastar við læki og vötn. Lítið er um fæðu fyrir dýrin og eru mörg þeirra að drepast bæði úr hungri og kulda. Við mannfólkið getum aðstoðað með því að færa fuglunum fræ eða brauð, margir þeirra eru við Reykjarvíkurtjörn og tjörnina í Hafnarfirði.



Hönnun sem endist

Ármúli 31 | 588 73 32 | i-t.is

Mán - Fim 9-18 | Fös 9-17 | Lau 11-14

INNRÉTTINGAR & TÆKI



Steintröllið í Hádegismóum

Morgunblaðið undir stjórn Davíðs Oddssonar er einn versti fjölmiðill sem Íslands hefur átt. Þetta fornfræga blað sem á stundum hefur verið upplýsandi og fræðandi í senn hefur undanfarið verið á valdi afla sem skeyta hvorki um heiður né sóma.

Blaðinu hefur grímulaust verið beitt í þágu hagsmuna fólks sem einskis svífst. Þar fer fremst í flokki Guðbjörg Matthíasdóttir, auðkona úr Vestmannaeyjum, sem auðgaðist á sameign þjóðarinnar og slapp með gullið sitt við hrun Glitnis. Hún hefur spunnið kóngulóarvef fyrirtækja sinna um allt samfélagið. Guðbjörg hefur verið hýsill fyrir Davíð og skoðanir hans sem speglast gjarnan í pistlum Páls Vilhjálmssonar, kennara við Fjölbrautarskóla Garðabæjar. Páll hefur í skjóli Moggans haldið úti hreinum óhróðri gegn fjölmiðlamönnum og kennt þá við glæpi. Sá sem öðrum fremur er í skotlínu Páls er Helgi Seljan, sem almennt er talinn dáðadrengur fremur en ódámur. Moggi Davíðs er hýsill fyrir Pál og endurómar pistlum gjarnan í Staksteinum blaðsins.

> *Á sviðinu stendur Mogginn einn*

Mogginn býr að því að hafa innan um góða blaðamenn. Vandinn er hins vegar sá að eftir höfðinu dansa limirnir og hjörðin fylgir Davíð og hans nánustu samstarfsmönnum í blindni hins barða þræls. Blaðið heldur á lofti málefnum stórútgerðarinnar. Að öðru leyti speglast ritstjórnarstefna blaðsins í þeirri ormagryfju sem birtist fólki gjarnan á Útvarpi Sögu.

Fyrir íslenska þjóð er það sorgleg niðurstaða að Fréttablaðið er komið á erfiðan stað með því að dreifingu þess í hús hefur verið hætt. Allar götur frá því blaðið kom fyrst út hefur það í meginatriðum verið trútt þeirri ritstjórnarstefnu að þjóna almenningi af því hlutleysi sem mögulegt er. Blaðið myndaði því mótvægi við spilltan Moggann. Á upphafsárum blaðsins hikaði ritstjórnin ekki við að ganga gegn valdinu og birta fréttir sem eigendum Íslands hugnaðist ekki. Nú hefur slagkrafturinn minnkað og á sviðinu stendur Mogginn einn og bíður dauða síns.

Vandinn er sá að prentmiðlar hafa ekki lengur þann slagkraft sem áður var. Sem dæmi má nefna að Morgunblaðið er með allt niður í þrjú prósent lestur í tilgreindum hverfum. Lestur af pappír hefur almennt dregist saman og ný sviðsmynd fjölmiðla blasir við. Framtíðin er á Netinu. Það er einungis tímaspursmál hvenær pappírsútgáfa Moggans leggst af og seinasta steintröllið í Hádegismóum deyr drottni sínum. Þá mun einhverstaðar heyrast að farið hafi fé betra.


SJÁ
LAND
MATUR & VEISLA
BRÖNS ALLAR HELGAR
FRÁ 11:30 TIL 15:00
Bókanir í síma 555 3255 og bokanir@sjaland210.is
Sjáland Matur & Veislur / Ránargrund 4 / 210 Garðabær

Fjölmiðlapistillinn

Heimildin

Samkvæmt heimildum Heimildarinnar



Björgvin Gunnarsson

Fram er kominn nýr fjölmiðill, Heimildin sem varð til við sameiningu Stundarinnar og Kjarnans. Er nokkuð öruggt að slá því fram að þarna er sé kominn fram á sjónarsviðið öflugur fréttamiðill sem sérhæfi sig í flóknum og erfiðum fréttamálum enda saman komnir á einn stað helstu rannsóknarblaðamenn landsins og það undir dyggri stjórn Helga Seljan sem vakið hefur athygli og aðdáun marga fyrir að stinga á mörgum þeim kýlum sem samfélagið hefur þjáðst af í gegnum tíðina.

Er óhætt að segja að nú skjálfi margir spillingarpésarnir á beinunum, þegar Heimildin er orðin að veruleika. Sést það til dæmis á skrifum bloggara hliðhollum ákveðinna viðfangsefna Seljan og Co. sem heldur því fram að Stundin og Kjarninn hafi sameinast af neyð vegna peningaskorts og að um hafi verið að ræða hið sériślenska kennitöluflakk. Slíku vísa ritstjórar hins nýja miðils til föðurhúsanna og segja fjárhagsstöðu beggja fjölmiðlanna hafa verið góða og að Heimildin hafi orðið til þegar þau áttuðu sig á að miðlarnir tveir væru betri sameinaðir en í sitt hvoru lagi.

En þá að nafninu. Heimildin er kannski ekki besta nafnið sem hægt var að finna á nýjum fréttamiðli en það er auðvitað smekksatriði. Blaðamenn nota þetta orð oft og iðulega „samkwvæmt heimildum“ og því orðið vel kunnuglegt innan stéttarinnar en kannski pínu klaufalegt fyrir fjölmiðilinn ef þeir ætla að vitna í heimild sína í frétt og segja „samkvæmt heimildum Heimildarinnar“ en það er svo sem léttilega hægt að komast hjá því með því að tala um blaðið eða miðilinn í staðinn. Jón Gnarr er einn af þeim sem hefur gagnrýnt nafnið en einhver Twitter-snillingurinn kom með þá hugmynd að kalla miðilinn Kjarnorkustundin, sem ég verð að viðurkenna að hljómar vel og svolítið „in your face.“ Ég held að Heimildin venjist nú samt og að það muni ekki einu sinni taka langan tíma. Ef innihaldið er gott, skiptir nafnið varla máli.

ORÐRÓMUR

Sólóferill Ara



Sá eitursnjalli **Ari Eldjárn** var gestur í Vikunni hjá Gísla Marteini Baldurssyni á dögunum. Ari, sem er einhver besti uppistandari Íslands, fór á kostum í þættinum. Svo kom að því að Gísli Marteinn stóðst ekki mátið og spurði hann um einkamálin. Ari og **Linda Guðrún Karlsdóttir** skildu á seinasta ári. Ari sló spurningunni upp í grín og sagðist hafa verið hluti af dúett, en nú væri hann að hefja sólóferil …



20 milljónir til sósíalistans

Andri Sigurðsson er grjótharður stuðningsmaður **Sólveigar Önnu Jónsdóttur**, formanns Eflingar. Andri komst í fréttir eftir að hann fékk verkefni við gerð vefsíðu hjá Eflingu og uppskar litlar 20 milljónir króna fyrir. Andri lenti í harkalegum útistöðum við **Vilhjálm Birgisson**, formann Starfsgreinasambandsins, á Facebook á dögunum. Hann sakaði Vilhjálm um árásir á verkafólk með gerð nýja kjarasamningsins og kallaði þann gjörning svik við verkafólk.„Nei Andri minn, ég er ekki á launum hjá SA en ert þú ekki búinn að vera „aðeins“ á launum hjá Eflingu?“ spurði Vilhjálmur og krafði Andra um skýringar á greiðslunni. Þá var sósíalistanum nóg boðið.„Ég skil, þú ert alveg farinn,“ svaraði hann …





Tærnar á Dóru



Leikstjórinn **Dóra Jóhannsdóttir** uppskar einróma lof fyrir Áramótaskaupið. Upptökunum fylgdi álag og þá ekki síst vegna þess að framleiðendur skaupsins voru með Selfoss að einhverju leyti á heilanum og vildu mynda þar og þá væntanlega í þágu auðmannsins Kristjáns Vilhelmssonar sem byggði upp nýja miðbæinn þar. Dóra tók sér verðskuldað frí og skrapp til Tenerife. Hún var dugleg að pósta myndum úr fríinu, en gætti þess vandlega að tærnar sæjust ekki svo hún yrði ekki skömmuð fyrir að skaða þjóðarhag með flandri sínu …

Skjólstæðingur Guðbjargar



Davíð Oddsson er þaulsætinn sem ritstjóri Morgunblaðsins þrátt fyrir að hafa glutrað lestri blaðsins niður. Mogginn er nú lesinn af um 17 prósentum, en var í hartnær 80 prósentum þegar best lét. Davíð varð 75 ára í vikunni og er þannig komin átta ár fram úr hefðbundnum eftirlaunaaldri. Davíð situr í skjóli **Guðbjargar Matthíasdóttur,** auðkonu frá Vestmannaeyjum, sem fer með meirihlutann í útgáfufélaginu Árvakri og situr í stjórn félagsins …



vertu betri útgáfan af sjálfum þér!



þrýstinudd

hefur jákvæð áhrif á bólgur & verki

even labs

Faxafen 14
S: 419-7770

Neytendamál

Guðrún Gunnsteinsdóttir



Aðalsteinn Leifsson. Mynd úr einkasafni.

Aðalsteinn Leifsson, neytandi vikunnar, kynntist kærustunni, Ágústu, fyrir rúmlega 30 árum og halda þau upp á 28 ára brúðkaupsafmæli í september. Þau hafa verið við nám og störf í Englandi, Noregi, Belgíu og Sviss en eiga núna heimili í Fossvogi í Reykjavík. Börnin eru fjögur, tvær dætur og tveir synir. Eldri dóttir þeirra býr í London en hin þrjú eru enn heima. Auk þess njóta þau þess að hafa hjá sér kærastu yngri dóttur þeirra og frænku Ágústu sem kom frá Ísafirði til að spila körfubolta í Reykjavík. Þrífættur íslenskur fjárhundur, Kría, fullkomnar heimilið! Aðalsteinn starfar sem ríkissáttasemjari og Ágústa er í doktorsnámi í HÍ auk þess sem hún er varaformaður Landverndar.

2. Hvernig sparar þú í matarinnkaupum?

Eftir um tuttugu ára samningaviðræður (!) fundum við Ágústa kerfi á matarinnkaupum og heimilisstörfum sem hentar okkur fullkomlega. Kerfið er þannig að aðra vikuna sé ég innkaup, matseld og þrif í eldhúsinu – en hina vikuna hef ég frí og þarf ekkert að hugsa um innkaup eða eldamennsku. Við borðum einungis grænmetismat heima, þó að ég borði fisk utan heimilis. Mér hefur reynst best að gera áætlun fyrir vikuna og spyrja heimilisfólk hvað það vantar og vill, þannig að ég hafi vissu fyrir því að ekkert fari til spillis. Það er dálítið snúið að ég veit í raun ekki hvort við erum þrjú í mat eða sjö, þar sem unglingarnir eru ekkert endilega að tilkynna um fjarveru fyrirfram. Það fer hins vegar aldrei neitt til spillis því afgangarnir eru vinsælir í nesti hjá unglingunum - eða í kvöldsnarl með vinum! Það er dálítið áhugavert að þegar við reynum að vera umhverfisvæn með því að endurnýta, draga úr sóun og kaupa gæði þá skilar það sér í sparnaði – jafnvel þó það hafi ekki verið sérstakt markmið í upphafi.

3. Endurnýtir þú? Ertu með ráð til annarra?

Já, við göngum mjöööög langt í að endurnýta. Í vinnunni er ég t.d. með mikið af íslenskum húsgögnum sem ég fékk gefins og hef látið gera upp. Við reynum að kaupa allt notað, ef hægt er, t.d. húsgögn, tæki og föt. Við gefum öll föt af yngri drengnum til vina sem eiga yngri stráka og fáum mikið af notuðum fötum frá vinum sem eiga eldri dreng. Það er alger snilld að setja upp «skiptiprógram» með vinafólki. Við reynum að henda engu heldur selja eða – það sem er algengara – að gefa. Krakkarnir eru mjög duglegir og þannig fann t.d. 11 ára drengurinn okkar sjálfur «nýtt» notað rúm á netinu fyrir skemmstu.

4. Hvað hefur þú í huga þegar þú kaupir mat, fatnað og gjafir?

Í matarinnkaupum skiptir miklu máli að kaupa ferskar vörur sem eru sem minnst unnar og með sem minnstar pakkningar. Ég reyni að kaupa notaðan fatnað, t.d. í verslunum Rauða krossins og fatnað sem er úr lífrænni bómull eða ull, þegar hægt er. Við gefum mikið upplifanir eða gjafabréf á veitingastaði, hótel, leikhús, bíó o.s.frv.

5. Hverju átt þú erfiðast með að draga úr kaupum á?

Við erum sífellt að reyna að minnka umbúðir, sérstaklega plastumbúðir. Það er hrikalega erfitt og ég held að það verði ekki verulegar breytingar þar á fyrr en framleiðendur eru hreinlega skikkaðir til þess að nota minni og umhverfisvænni umbúðir. Ég á líka erfitt með að hætta að kaupa lakkrís, þó að ég sé hættur að borða hann! Ef ég sé nýja og spennandi vöru með lakkrís kaupa ég hana og gef tengdóttirinni sem enn borðar lakkrís!

6. Skiptir umhverfisvernd þig máli?

Umhverfisvernd skiptir öllu máli. Ágústa er varaformaður Landverndar og fór aftur í háskóla til þess að mennta sig í umhverfisvernd og ætlar að verja «seinni hluta» starfsævinnar í vernd umhverfisins. Heimilishaldið allt tekur mið af umhverfisvernd, frá því hvað við kaupum til hvað við notum, borðum eða gerum. Einhver kynni að halda að það tæki gleðina úr heimilishaldinu og lífinu, en því er einmitt þveröfugt farið! Stærsta áskorun Íslendinga og mannkyns er að vernda umhverfið og lífsskilyrði barnanna okkar og það er hægt að gera það og á sama tíma lifa innihaldsríkara og skemmtilegra lífi, auka velsæld og hafa það notalegt.


Ægisgardur
ALLT FYRIR VEISLUNA
Frábær veislusalur fyrir öll tækifæri
úti á Granda, staðsettur inn í
íslensku handverksbrugghúsi.
info@aegisgardur.is



Stórkostlegir íslenskir stuðningsmenn á HM:

„Ef við vinnum rest verðum við heimsmeistarar“



Texti Svanur Már Snorrason

Íslenska karlalandsliðinu í handbolta hefur vegnað vel á HM í handbolta sem er í fullum gangi núna.

Mikil bjartsýni ríkti fyrir mót um að íslenska liðinu myndi vegna vel; sú bjartsýni á fullan rétt á sér enda er liðið núna alveg frábært.

Leikmenn íslenska landsliðsins hafa verið ófeimnir við að segja að þeir stefni hátt og geti unnið til verðlauna á mótinu.

Það sem hefur vakið jafnvel enn meiri athygli en frammistaða íslenska liðsins er stuðningur íslenskra áhorfenda sem komu í hrönnum til Svíþjóðar til að styðja sína þjóð.

Stuðningsmennirnir hafa leikið við hvern sinn fingur og sungið hástöfum sem og hvatt liðið áfram frá upphafi leiks og til enda hans.

Heimspressan hefur vakið athygli á líflegum og skemmtilegum stuðningsmönnum Íslands. Þeir hafa án efa hjálpað íslenska landsliðinu mikið á mótinu og eru okkur Íslendingum til mikils sóma.

Ómar Ingi Magnússon er án efa okkar fremsti handboltamaður í dag; hefur verið valinn Íþróttamaður ársins tvö síðustu árin. Látum orð hans sem hann lét falla í viðtali við ruv.is á dögunum vera lokaorðin í þessari grein – en þau sýna fram á alvöru sjálfstraust og ofurtrú á verkefninu, sem er gott:

„Það er bara að klára leikinn. Klára hann vel. Við höldum bara áfram. Við erum jákvæðir. Ef við vinnum rest verðum við heimsmeistarar, þannig það er bara gott.“















Reynir Traustason

Hlöðver flúði þyrlu dönsku landhelgsigæslunnar á Dohnrbanka:
„Spennufallið var svo rosalegt”



Hlöðver Haraldsson er oft kenndur við Hólmadrang þar sem hann var skipstjóri en Hólmadrangur var annar af fyrstu frystitogurunum sem Íslendingar eignuðust.

„Það var gaman að fara á nýtt skip; hann var tiltölulega nýr þá. Þetta átti eiginlega ekki að ganga; hann var einhvern veginn í loftinu. Kvótinn var lítill en samt fór maður. Og það gekk vel," segir Hlöðver í viðtali við Reyni Traustason.

Svo var það rækjan og var farið á Dorhnbankann sem er miðlínan milli Íslands og Grænlands.

„Það gekk á ýmsu. Við Steini (Þorsteinn Ingason sem var stór eigandi í Hólmadrangi) vorum sammála um að línan væri ekki á réttum stað. Það var ekki mikil veiði. Steini sagði að við yrðum að gera eitthvað í þessu og hann spurði hvað við ættum að gera. Ég sagði að þetta endaði með því að við yrðum teknir og ég settur í steininn.

Við fórum inn fyrir línuna og vorum með 2000 metra togvír á spilunum þannig að við tókum vírinn í sundur á 1000 metrum þannig að ef varðskipið kæmi þá gæti maður slakað þessu út. Við vorum með tvö troll og svo vorum við tilbúnir með varahlera."

Það var hins vegar þyrla sem nálgaðist Hólmatind. „Þá var það spurningin hvað ætti að gera svo þeir kæmust ekki um borð þannig að við stöguðum allt skipið; settum stög frá mastrinu og alveg fram úr og svo aftur úr þannig að það var ekki nokkur leið að koma niður manni."
Í ljós kom að þyrlan lét mann síga um borð í annað íslenskt skip á svæðinu.

„Ég var bara 10-15 mílum austar; innar. Mér leið alltaf best að vera innstur."

Næst Grænlandi.

„Því þeir komu alltaf sunnan að og frá línunni."
Hlöðver segist hafa verið í góðu sambandi við skipstjórana á finnska togaranum Finlandia, sem var með veiðileyfi fyrir innan línuna, og svo grænlenska togaranum Tasiilaq. „Þeir kölluð á mig og sögðu að ísjakinn væri að koma og væri á mikilli ferð." Þarna var átt við varðskip.

„Þá var náttúrlega híft. Það voru tvö til þrjú tonn af rækju í og maður tímdi ekkert að henda rækjunni sem var stór."

Gullmolar.
„Ég treysti bara á guð og lukkuna og við unnum rækjuna og strákarnir vissu ekkert hvað var að gerast. Það var ekkert kastað aftur en keyrt á fullri ferð. Svo sá ég þá koma og ég átti 14-15 mílur eftir í miðlínuna. Ég sá að þá átti að taka mig næst. Þeir voru komnir töluvert nálægt og sáu öll stögin og hann var að biðja mig um að stoppa. Ég sagði að það væri ekki til umræðu og hann var alltaf að kalla. Ég fór út á brúarvæng en ég hafði ekki taugar til að vera inni í brúnni. Þetta er lengsta sigling sem ég hef farið í á ævinni; þessar 12 mílur. Þetta voru eins og 12 dagar."
Þú slappst út fyrir línuna.
„Hann fylgdi mér extra tvær til þrjár mílur og svo sneri hann við. Þá fékk maður áfall. Spennufallið var svo rosalegt. Við vorum með 60-70 tonn af rækju um borð," segir Hlöðver. Útgerðarstjórinn var búinn að lofa honum því að ef hann yrði tekinn þá yrði barist fyrir því að það yrði viðurkennt að línan væri á röngum stað.

„Já, og borga sektina. Þetta róaði allt hugann þannig að maður var nógu kaldur til að gera þetta. Svo var það að komast þangað út af ísnum. Maður var alltaf að fara suður eftir, suður undir Víkurálinn. Hann var farinn að gliðna. Svo fór maður norður eftir og þá lenti maður alltaf í honum þéttum. Maður var orðinn svo vanur þessu að maður bauð ísnum birginn."

Varstu þá ekki að skemma dallinn?

„Nei, hann var rosalega sterkur.
Hólmadrangurinn var breiður að framan og hann var rosalega góður að eiga við í ísnum.
Stundum var það þannig að maður átti sér enga von. Þá beið maður bara þangað til þetta lagaðist."



Þangað til ísinn gliðnaði.

„Það kom tvisvar fyrir að við vorum innan um Grænlendinga, rétt norður við þá, og svo gliðnaði ísinn noður eftir og ég hugsaði með mér að það væri best að fara norður. Og þangað fór ég þangað til ég var alveg stopp í ís. Og þá fann ég lænu pakkaða af rækju. Lengst norður af. Og ég lét skipstjórann á Tasiilaq vita og hann fyllti síðan nokkra túra, karlinn. En við vorum ekki nógu hraustir til að vera þarna."

Hemingway

Hlöðver er frá Stykkishólmi.

„Þetta byrjaði á bryggjunni í Stykkishólmi. Afi minn, fósturafi minn, var skipstjóri og ég vissi alveg hvernig væri að fiska og vissi af hverju hann fiskaði. Pabbi var rafvirki og hann vildi alltaf að ég yrði rafvirki. Hann var alltaf að tala um að það væri ekkert vit í því að fara út á sjó. Málið var að ég var alltaf hjá afa og fylgjast með því hvað hann var að gera. Ég bað pabba oft um pening en hann sagðist vera blankur og þá fór ég til afa og bað hann um 10, 20 eða 30 kall og það var ekkert mál; en ég varð alltaf að vinna fyrir því. Hann var að beita og var á grásleppunni.

Svo kom að því að maður fór að spá í hlutina; framhaldið. Hvað maður ætti að gera. Ég var með eitt á hreinu en það var að það þýddi ekkert að vera rafvirki því þeir voru alltaf blankir. Þá var ekkert annað en að fara bara á sjóinn. Þannig byrjaði þetta með kallinum; maður fór með honum á sjó og lærði mikið af honum. Það var tunglið og þá var stórstreymt. Smástreymt. Þrjá daga fyrir tungl. Þrjá daga eftir tungl. Ef það var að norðaustan þá fór hann á ákveðinn stað. Hann hataði vestanáttina; þá fór hann ekkert á sjó, karlinn. Og maður tók eftir þessu. Hann var allta að spá í hlutina."

> ***Maður bauð ísnum birginn***

Svo fóru þeir á skak.

„Ég fór með honum á handfæri og þá byrjaði ballið. Gúmmíið á krókunum mátti ekki vera skakkt og krókurinn ekki ryðgaður. Hann var alltaf að kenna mér hvernig ætti að narra fiskana á krókana. Svo var þetta stundum þannig að hann setti mér takmark og ég varð að draga 100 fiska yfir daginn. Og þeir urðu að vera 40 sentímetra langir og stærri. Stundum voru þeir 39 sentímetrar og þá hálsbraut ég þá og teygði aðeins úr þeim til að þeir næðu 40 sentímetrum."

Hlöðvar segir frá fleiri reglum sem afi hans hafði í huga. „Eins og á grásleppunni; hann fór alltaf þegar var fjara til að tékka á hvernig þarinn lá og sandlænurnar inni í þaranum. Svo voru það netin; það mátti ekki vera þang í hnútunum. Þetta var allt upp á að narra fiskinn í veiðarfærin."

Þetta er svolítið eins og karl í sögu eftir Hemingway.

„Já, maður lærði mikið af kallinum."

Hann var fiskinn.

„Hann var hörku fiskimaður."

Sviðahausarnir í sjónum

Svo varð Hlöðver sjómaður að atvinnu. Frændur hans áttu bát í Ólafsvík og þar var hann með þeim á vertíð á netum, snurvoð og trolli.

„Ég lærði náttúrlega helling af þeim. Svo keyptu þeir stærri bát og við voru á vertíð um veturinn á netum og svo var farið á troll um sumarið og það var ráðinn togaraskipstjóri, Haukur Hallvarðsson. Ég var stýrimaður. Hann var hörku kall og ég lærði mikið af honum. Þá fórum við á trollið og þá byrjaði netavinnan."

Þarna var Hlöðvar búinn að fara í Stýrimannaskólann. Svo tók hann fljótlega flugið sem skipstjóri.

„Ég ætlaði mér nú aldrei að verða skipstjóri. Það var ekki takmarkið. Ég var búinn að kynnast ýmsu; ég var búinn að fara með skipstjórum sem maður hugsaði með sér hvers konar rosalegu hörkukarlar þetta væru. Það sem skeði er að það kom togaraverkfall; allir togararnir sigldu inn í Reykjavíkurhöfn og karlinn var togaraskipstjóri og kom í land til að taka þátt í verkfallinu."

Á bátnum.

„Já. Þá var enginn skipstjóri og ég varð að taka við og var ekki einu sinni búinn með fullan tíma sem stýrimaður. En við fengum undanþágu. Þetta tókst mjög vel og við fylltum bátinn og fórum í siglingu til Belgíu. Þá kom karlinn; þá var verkfallið búið."

Og ferillinn var hafinn.

Hlöðver talar um hjátrú afa síns. „Kallinn, afi, var búinn að kenna mér að trúa á hitt og þetta. Ég missti einu sinni trollið á sunnudegi; engin festa. Ég tók eftir einu en það var að það voru svið í matinn í hádeginu. Einhvern tímann seinna voru aftur svið í matinn og þá fékk ég grjót í pokann og og missti hann í trollinu. Og ég kenndi sviðunum um. Þannig að þá kom hjátrúin og þá bannaði ég svið." Einu sinni um borð í einhverju skipanna átti að vera svið í matinn. Og Hlöðver sagði kokkinum að henda þeim í sjóinn. „Ég hjálpaði honum að vera öruggur með að hver einasti haus færi í sjóinn."

Hjátrúin tengdist ýmsu.

„Mánudagur var ekki besti staðurinn til að byrja með nýja hlera eða nýtt troll."

Smugan

Hlöðver fór í Smuguna.

„Það var eitt ævintýrið, Smugan. Steini hringdi og sagði að það væri hægt að fara í Smuguna."

Það er fjögurra sólarhringa sigling eða meira.

„Já, maður var búinn að vera þarna í nokkra daga og maður lét flottrollið fara þótt maður eiginlega mætti það ekki. Norðmaðurinn vildi ekki að það væri gert og lét vita af því."

30 dagar í Smugunni.

Voru menn ekki þá að verða klikkaðir?

„Jú, við vorum orðnir þreyttir. Svo kom í mann að fara norður eftir og sjá hvort maður fyndi ekki ísinn.

Við sigldum í 12-14 tíma norður eftir þar til við vorum komnir í ískrap og svo þegar við vorum komnir svolítið í krapið þá sá maður að botninn var farinn að ganga upp sums staðar. Hvíta línan brotnaði og svo gekk botninn upp."

Bara fiskur.

„Við köstuðum og drógum upp og fengum 10-15 tonn. Svo var það náttúrlega græðgin; kasta aftur. Og það var híft aftur. Við voru með pokana á dekkinu og svo kom vélstjórinn og sagði að það væri ekki hægt að vinna fiskinn af því að hann væri frosinn."

Það var hörkugaddur.

„Hörkufrost og krap þarna. Allar stýringar í vélunum brotnuðu. Og við urðum að bíða og þíða þetta og byrja upp á nýtt næsta dag.

Það var veitt í 10 daga og þá vorum við að verða olíulausir. Það endaði með því að við vorum þarna þrír; Siglfirðingur, Stakfellið og við. Við vorum að verða olíulausir og olíuskipið fann ekki Hólmadrang. Það trúði ekki að við væru svona norðarlega. Svo gátum við komið þeim í skilning um að við væru alveg nyrst og svo kom hann og við vorum á síðasta degi með olíuna."

Einn skipverjinn slasaðist þegar var verið að taka olíuna en spotti lenti á nefinu á honum.

„Nefið á honum opnaðist. Það er eiginlega með því versta sem ég hef lent í. Það var ekkert hægt að gera. Ég varð að græja þetta; sauma þetta. Ég hafði saumað nokkra áður sem var bara lítilræði miðað við þetta. Þetta var hraustur strákur sem bjargaði því. Það var reynt að fá þyrluna til að koma en við vorum svo langt í burtu frá eyju þar sem hægt var að taka olíu og birgðir og fengum að vita að hún gæti komið eftir tvo til þrjá daga og að þeir hefðu bara 10 mínútur til að hífa manninn upp. Það gekk sem betur fer og hann fór til Noregs og þetta greri allt."

> **Allar stýringar í vélunum brotnuðu**

Þú hefur saumað nefið vel.

„Já, það var bara vel gert. Maður hefði kannski átt að verða læknir."

Hlöðver hætti svo.

„Þetta var komið nóg. Þetta var að ganga frá manni."

Barfluga

Til eru mið sem eru kölluð nöfnum sem eru frá Hlöðveri komin. Hann segir að „flugbarinn" sé vinsælast.

„Hugurinn ber mann stundum hálfa leið. Það var þannig að ég átti vinkonu í Sviss og skrapp ég þangað í landlegum. Þegar maður var búinn að bóka miðann fór sjálfstýringin í suðurátt og það var bara togað í suður. Við fengum ekki mikið í fyrstu tveimur hollunum. Það er barð þarna; þeir kalla það í dag Hlöllabarð. Við fiskuðum ágætlega þar; það voru sjö til átta tonn í hali. Og svo var það búið. Og þá var haldið áfram suður eftir. Það er mikill fjallgarður þarna sem liggur í austur og vestur og við toguðum þangað til við vorum fastir. Það var hellings lúða í. Á dýptarmælunum lítur fjallgarðinum út eins og bar. Svo voru félagarnir að spyrja hvar ég væri og sagðist ég vera á leiðinni suður eftir; á barnum."

70-80%

Hlöðver hefur búið um árabil í Suður-Afríku eða í 22 ár en hann hefur unnið þar hjá útgerðinni Irvin & Johnson Ltd. Hann segir að þegar hann byrjaði þar hafi hann fengið mikla aðstoð frá Hampiðjuni og nefnir troll sem hann hafi séð um að yrðu flutt til Suður-Afríku

„Ég var skipstjóri hjá þeim í byrjun og fór svo í land sem ráðgjafi og skipstjóri í landi en þá ráðleggur maður þeim í sambandi við öll veiðarfæri og hjálpar þeim að fiska og ég fór mjög oft út með þeim; sýndi þeim hvernig á að fiska á okkar íslenska máta með krafti og öllu því sem því fylgir."

Núna sér hann um 10 skip.

Hlöðver er spurður hvort aðskilnaður sé enn við líði.

„Þetta er orðin meiri einstefna núna. Þessir lituðu, þessir dökku, eru komnir svo mikið inn núna. Þegar ég byrjaði þá voru þeir kannski 20-30% en núna þurfum við að vera með 70-80% og ef það er ekki þá missum við hluta af kvótanum. Líka ef við höfum ekki viðskipti við veiðarfærafyrirtækin sem eru viðurkennd á þessu businessplani sem við erum með en þau missa ákveðin réttindi og eru bara sektuð ef þau eru ekki með þetta hlutfall í lagi."

Er þetta ekki frekar jákvætt?

„Ég myndi segja að þetta væri mjög jákvætt fyrir þetta fólk. En það er náttúrlega skortur á menntun þarna. Þetta er ekkert auðvelt. Þetta er fólk sem er að koma úr byggðum þar sem skólarnir eru lélegir og ekkert að hafa en þetta er mjög duglegt fólk. Það vill vinna, það vill standa sig og það þarf bara að hjálpa því, leiðrétta og fara rétt að því. Það er búið að búa til skipstjóra sem eru mjög góðir í dag."

Rosalegt kikk

Hlöðver segist vera orðinn hálfur Suður-Afríkani. „Ég er stundum farinn að hugsa eins og þeir; taka því bara rólega dag frá degi og vera ekkert að æsa sig yfir hlutunum."

Hann segir að þegar hann flutti til Suður-Afríku hafi hann gert sér grein fyrir því hvað öryggið skipti miklu máli og býr hann á stað þar sem allt er lokað og þar sem öryggisgæsla er góð. „Það er fylgst með öllu."

Hver er hættan?

„Hættan er náttúrlega alltaf fyrir hendi að það sé brotist inn. Það er mikið um að þeir séu að fylgja fólki heim að húsunum. Þetta er bara Afríka. Hún er svona."

Hlöðver er ekkert á leiðinni til Íslands til að búa.

„Þegar maður er kominn á þennan aldur þá skiptir veðrið svo miklu máli; að geta farið út að labba, labbað á ströndinni, spilað golf, farið upp í fjöll og gert það sem manni langar til. Og ef manni leiðist Höfðaborg þá er eitthvað að manni. Ég var meira að segja kominn í kappakstur; átti Lotus 7. Og var í kappakstri í tvö ár."

Var það ekki kikk?

„Það var rosalegt kikk."



Björgvin Gunnarsson
Myndir / Kazuma Takigawa



Tony Omos

- Hælisleitandinn sem felldi ráðherrann

Tony Omos er nafn sem flestir Íslendingar kannast við. Tony er nígeríski hælisleitandinn sem felldi Hönnu Birnu Kristjánsdóttur úr stóli dómsmálaráðherra árið 2014 vegna „Lekamálsins“ svokallaða. Málið hafði gríðarleg áhrif á Tony Omos og hans fjölskyldu enda var hann saklaus sakaður um mansal og eiturlyfjasölu. Í dag hefur hann byggt upp fallegt heimili með eiginkonu sinni Evelyn Glory í Reykjanesbæ en saman eiga þau þrjú börn. Í viðtali við Mannlíf ræðir Tony um málið sem felldi ráðherrann, áhrifin sem það hafði á hann og fleiri í kringum hann sem og málið sem hann rekur nú gegn íslenska ríkinu.



þann úrskurð. Í september árið 2012 dundu svo áföllin yfir. Tony var handtekinn og húsleit gerð á heimili hans í Keflavík. Mátti hann dúsa í einangrun í tvær vikur vegna gruns um eiturlyfjasölu og mansal. Málið var löngu seinna látið niður falla, enda átti það ekki við rök að styðjast. Í október árið 2013 staðfesti innanríkisráðuneytið synjun Útlendingastofnunar um hæli fyrir Tony. Í kjölfarið krafðist Omos þess að hann fengi að áfrýja til dómstóla en hann átti þá von á barni með Evelyn sem einnig var nígerískur hælisleitandi. Þar að auki hefði hann enn stöðu sakbornings í lögreglumálum á Suðurnesjum og átti enn eftir að hreinsa nafn sitt. Kröfu hans var hafnað og fór hann því í felur. Mótmæli voru boðuð fyrir utan innanríkisráðuneytið þar sem átti að mótmæla synjun Tonys um hæli. En þá var minnisblaði lekið í blöðin.

Í óformlegu minnisblaði úr innanríkisráðuneytinu var því haldið fram að Tony Omos væri viðriðinn mansal og að hann ætti ekki barnið sem Evelyn bar undir belti heldur hefði neytt hana til að segja hann föðurinn. Rannsókn

Allt fyrir hljóðvistina

3D hljóðdeyfiklæðningar í úrvali



Byggingavöruverslun

Þ. Þorgrímsson & Co

Ármúli 29 • 108 Rvk • 512-3360 • korkur.is

hófst á lekanum og mikið fjölmiðlafár hófst. Málinu lauk með tveggja ára skilorðsbundnum dómi yfir Gísla Frey Valdórssyni, aðstoðarmanni Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, þáverandi innanríkis- og dómsmálaráðherra, en hann játaði sök í málinu. Þá sagði Hanna Birna af sér sem ráðherra. Og Tony Omos stóð uppi sem sigurvegari með hreinsað mannorð. En samt ekki. Orðspor hans var ónýtt.

Eftir að hann var sendur aftur til Sviss fór hann til Ítalíu og dvaldi þar í hálft ár, en svissnesk yfirvöld sögðust ekkert geta gert fyrir hann. „Lífið á Ítalíu var erfitt. Ég dvaldi stundum hjá gömlum vini mínum frá Nígeríu en hann er giftur ítalskri konu en stundum var ég upp á aðra kominn." Að lokum kom hann aftur til Íslands og fékk hér dvalarleyfi. Árið 2019 var hann dæmdur í tveggja ára skilorðsbundið fangelsi fyrir að framvísa fölsuðum skilríkjum við komuna til landsins, en hann hafði alla tíð játað þær sakir og afplánaði dóminn án vandkvæða.

Eftirköstin

„Ég var mjög niðurdreginn," sagði Tony spurður um það hvernig honum leið í miðju þessa máls. „Þetta dró mig mjög niður. Og þetta hafði áhrif á konuna mína líka og þetta hefur enn áhrif á okkur í dag," bætti hann við. Blaðamanni er litið á Evelyn sem stóð rétt hjá með soninn litla í höndunum en hún virtist döpur á svip er málið er rifjað upp. Hvernig hefur þetta enn áhrif á ykkur? „Sumt fólk, ekki allt, því fólk er mismunandi, en viðhorf sumra breytist þegar það veit hvað ég heiti. Fólki má finnast það sem það vill um mig, mér er sama, en sumir halda að ég sé eitthvað slæmur maður, þegar það heyrir nafnið Tony Omos, þannig að stundum segi ég ekki rétt nafn þegar ég er spurður um það," segir Tony og minnist á að hann keyri leigubíl og sé stundum spurður um nafn. „Af því að ég vil ekki heyra „Ah, ert þú þessi Tony sem bla bla", þannig að vegna þess vil ég ekki segja mitt rétta nafn. Kannski halda þau að ég sé mjög slæmur maður," bætti hann við. Tony nefndi að þetta hefði einnig haft áhrif á líkamlega heilsu hans: „Þegar málið stóð sem hæst var ég fluttur á sjúkrahús því blóðþrýstingurinn var of hár út af stressinu sem fylgdi þessu."

> ***Sumir halda kannski að ég sé slæmur maður***

Tony segist ekki hafa farið í heimsókn til Nígeríu eftir að hann flutti til Íslands en hann heldur sambandi við fjölskyldu sína þar í gegnum síma. „Þegar ég lenti í þessu leiðindamáli á Íslandi tók fjölskylda mín því afar illa og það dró hana mjög niður. Sérstaklega móður mína. Hún veiktist heiftarlega vegna málsins. Hún endaði á spítala því hún dó næstum því þegar ég var settur í einangrun og hún heyrði ekkert frá mér í 15 til 16 daga. Hún endaði í dái. Mér leið hrikalega af því að þetta var vegna mín. Hún náði sér, en heilsa hennar er enn þá slæm, vegna málsins. Hún fer reglulega á spítala."

En hefur Tony einhvern tímann fengið persónulega afsökunarbeiðni frá Hönnu Birnu eða Gísla Frey? „Nei, nei, nei, ekki frá neinum."





En hefur Tony fyrirgefið Hönnu Birnu og Gísla?

„Já, ég erfi ekkert við þau, ég hugsa bara um sjálfan mig, skilurðu?"

Kynntust í gegnum vin

Talið berst að ástinni í lífi hans, Evelyn, og hvernig þau kynntust. „Ég þekkti hana áður en ég kom til Íslands. Hún bjó í Noregi og ég kynntist henni í gegnum vin minn og við héldum sambandi áður en hún kom til mín til Íslands." Þarna steig Evelyn inn í samtalið og sagði brosandi: „Hann er sálufélagi minn." Og nú eiga þau þrjú börn saman, eins árs, sex ára og níu ára.

Þau Tony og Evelyn hafa aðlagast íslensku samfélagi vel, keyptu sér nýlega þessa fallegu íbúð í Reykjanesbæ, en Tony átti nokkuð erfitt með að fá vinnu, vegna Lekamálsins að því er hann heldur, en á endanum keypti hann sér bíl og starfar nú sem leigubílstjóri. „Ég lenti oft í því að fá ekki vinnu sem ég sótti um og ég held að það sé vegna þess að þegar vinnuveitendur sáu nafn mitt, Tony Omos, þá vildu þeir ekki ráða mig. Ég get nefnt eitt dæmi þar sem maður, sem ég man ekki nafnið á, vildi fá mig í vinnu, en svo hringdi hann seinna og spurði hvort ég væri „þessi Tony" og ég játaði því. Ég heyrði aldrei frá honum aftur." Hann er sem sagt að einhverju leyti dæmdur maður, þrátt fyrir sakleysið. „Sumir halda kannski að ég sé slæmur maður, að ég hafi bara unnið málið en sé samt sekur. Þannig að ég ákvað að skapa mér vinnu sjálfur og keypti mér bíl og gerðist leigubílstjóri."

Og Tony er nokkuð bjartsýnn á framtíðina. „Ég ber von í brjósti varðandi framtíðina, ég sé ekkert svartnætti. Ég vil bara byggja upp gott líf fyrir fjölskyldu mína. Þess vegna vinn ég svona mikið. Ég vil bara að börnunum mínum líði vel og konu minni."

Fordómar í lögreglunni

Tony stendur nú í málaferlum við íslenska ríkið vegna Lekamálsins og krefst fjögurra milljóna króna miskabóta en aðspurður segist hann ekki vera viss hvort hann sé bjartsýnn á niðurstöðurnar. „Ég veit það ekki, af því að þegar ég var í réttarsalnum um daginn sagði ég allt sem ég mundi, en svo kom lögreglan sem var með allt skrifað niður og man því allt mun betur en ég. Ég hafði gleymt sumu, en ég gerði mitt besta, en þegar maður verður fyrir áfalli eins og ég varð fyrir, þá gleymir maður mörgu."

> ***Hvað er þessi hælisleitandi að klæðast svona fínum fötum?***

Eins og áður hefur komið fram var hann handtekinn á sínum tíma og settur í tveggja vikna einangrun vegna gruns um mansal og eiturlyfjasölu. „Lögreglan kom með hundinn sinn með sér í þrígang að leita að eiturlyfjum. Þetta gerði lögreglan af því að einhver tilkynnti mig fyrir að vera í of dýrum fötum." Þarna steig Evelyn inn í samtalið og sagði að erlendis sé þetta öðruvísi en hér á landi: „Hver sem er getur keypt merkjavöru í útlöndum, hún er mjög ódýr sums staðar. Og svo er alveg hægt að finna merkjavöru í Rauða krossinum."
Tony bætti því við að hann haldi að þetta muni ekki koma fyrir aftur, því nú sé hann ekki lengur hælisleitandi. „Núna geta þeir ekki gert þetta, áður litu þeir á mig og hugsuðu „hvað er þessi hælisleitandi að klæðast svona fínum fötum?"."

Aðspurður sagðist Tony halda að hegðun lögreglunnar gegn honum gæti skrifast á kynþáttafordóma. „Já, í lögreglunni eru fordómar, ekki hjá venjulegum Íslendingum, en hjá lögreglunni. Af því að þeir komu svona fram við mig."

Bjartsýn á framtíðina

Þegar blaðamaður spurði hvort það væri eitthvað sem Tony vildi segja að lokum vildi Evelyn fá orðið sem var sjálfsagt. „Þetta mál hefur verið gríðarlega erfitt fyrir okkur bæði. Tony fór mjög langt niður og var í miklu uppnámi út af áfallinu. Ég var ekki ég sjálf á tímabili, þegar þetta stóð sem hæst og ég skammaðist mín svo mikið þegar ég fór út úr húsi. Ég get sagt að núna get ég farið út án vandræða, en núna er málið rifjað upp aftur í fjölmiðlum og ég finn að ég stressast öll upp, ég var búinn að gleyma mörgu en nú rifjast þetta allt saman upp. Þegar ég var ólétt að fyrsta barninu okkar var mér boðið að tala við sálfræðing en ég held að vegna áfallasteitu hafi ég ekki almennilega skilið hvað fór þar fram. Ég gleymdi svo mörgum hlutum sem gerðust. En núna erum við bara að reyna að vera við sjálf. En nú er þetta allt að koma aftur í fréttum og ég veit að nú mun fólk byrja að horfa á okkur aftur og hugsa „þarna er Tony Omos og hitt og þetta."," sagði Evelyn og bætti við: „Það er eitt sem fólk þarf að spyrja sig. Tony kom til Íslands, já, en af hverju kom hann hingað? Hvað var það sem fékk hann til að koma hingað? Það sama og segja má um alla hælisleitendur, vegna neyðar. En við erum mjög þakklát fyrir það sem við höfum í dag. Við fengum í raun það sem við vildum að lokum, börnin fá menntun og allt er í lagi."



TÍMALÍNA LEKAMÁLSINS

Október 2011	Tony Omos kemur sem flóttamaður frá Sviss og sækir um hæli á Íslandi
Nóvember 2011	Útlendingastofnun synjar beiðni Omos um hæli, hann áfrýjar
Október 2013	Innanríkisráðuneytið staðfestir synjunina
Október 2013	Omos krefst þess að fá að áfrýja niðurstöðunni til dómstóla. Þeir synja kröfunni
Nóvember 2013	Omos gert að yfirgefa landið og fara aftur til Sviss þann 19. nóvember
Nóvember 2013	Omos fer í felur
Nóvember 2013	Samtökin No Borders boða til mótmæla fyrir utan innanríkisráðuneytið þann 20. nóvember
Nóvember 2013	Þann 20. nóvember er óformlegu minnisblaði um trúnaðargögn Tonys Omos úr innanríkisráðuneytinu, lekið í fjölmiðla
Desember 2013	Þann 14. desember finnst Omos og er fluttur til Sviss stuttu síðar
Desember 2013	Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra neitar á Alþingi að hún beri ábyrgð á lekanum
Janúar 2013	Barnsmóðir Tonys Omos kærir innanríkisráðuneytið til Ríkissaksóknara vegna lekans
Ágúst 2014	Gísli Freyr Valdórsson, aðstoðarmaður Hönnu Birnu, er ákærður fyrir lekann 15. ágúst
Ágúst 2014	Hanna Birna Kristjánsdóttir stígur til hliðar
Nóvember 2014	Gísli Freyr viðurkennir sök í Lekamálinu þann 11. nóvember og er í kjölfarið dæmdur í 8 mánaða skilorðsbundið fangelsi
Nóvember 2014	Hanna Birna segir af sér sem ráðherra stuttu eftir játningu Gísla Freys
2015	Tony Omos snýr aftur til Íslands og fær dvalarleyfi





Svanur Már Snorrason

Þegar Halldór Laxness olli þrettán bíla árekstri og hætti að keyra: „Ég ætla að fá Jagúar“

Halldór Kiljan Laxness er enn sem komið er eini Íslendingurinn sem hlotið hefur bókmenntaverðlaun Nóbels; var það árið 1955.

Vonandi kemur að því að einhver annar rithöfundur íslenskur hljóti þessi eftirsóttu og frægu verðlaun, en um það verður tíminn einn að skera úr um.

Aftur að Halldóri.

Eftir að hafa hlotið verðlaunin vænkaðist hagur Halldórs enda voru bækur hans í kjölfarið þýddar á mörg tungumál um víða veröld; og fjárhagsleg staða skáldsins batnaði ekki bara – hún varð mjög góð; þá var verðlaunaféð mjög mikið og Halldór þurfti ekki að hafa neinar fjárhagsáhyggjur eftir veitingu verðlaunanna árið 1955.

Halldór og fjölskylda hans komu sér vel fyrir að Gljúfrasteini; geysilega fallegt bæjarstæði og húsið líka, sem enn þann dag í dag hefur mikið aðdráttarafl, enda verið breytt í safn, og Íslendingar og útlendingar flykkjast þangað í stórum stíl.

Margt er þar að skoða og örugglega mjög persónubundið hvar áhugasvið hvers og eins liggur.

Það er af nógu að taka.

Þeir sem hafa áhuga á gömlum og fallegum bílum staldra gjarnan lengi við bílinn sem Halldór hélt mikið upp á – Jagúar 340 Saloon, árgerð 1968, sem keyptur var splunkunýr úr kassanum.

Í hreint út sagt frábærri bók sem ber heitið Jagúar skáldsins eftir Óskar Magnússon er því lýst skemmtilega hvernig Halldór bar sig að við kaupin á bílnum fræga:

Halldór sjálfur tjáði Jóhanni Gíslasyni, sem síðar verður vikið að, að hann hefði farið í agentúríið, sem þá hefði verið Orka hf. efst á Laugavegi. P Stefánsson hf., sem var til húsa á Hverfisgötu uppi undir Snorrabraut, mun síðar hafa tekið við umboðinu því ýmsir minnast þess að þangað hafi oft verið farið til varahlutakaupa og viðgerða. Hvað sem þessu líður er ekki ástæða til að draga í efa þau samskipti sem nú skal lýst:

„Góðan dag. Ég ætla að fá Jagúar.“ (bls. 13)

Sölumaðurinn sýndi Halldóri myndir og bæklinga og sagði honum frá eiginleikum Jagúar-bílanna. Hlustaði Halldór á söluræðuna, en lét sér svo sem fátt um finnast; hann hafði gert upp hug sinn, og endurtók sömu setninguna og þegar hann gekk inn í „agentúríið“ –

„Ég ætla að fá Jagúar.“ (bls. 14)

Halldór fékk sinn fallega og rjómahvíta Jagúar sem varð nánast einn af fjölskyldunni að Gljúfrasteini.

Nóbelsskáldið fór margar ferðir á dýrgripnum; nokkra hringi í kringum landið ásamt daglegum, eða því sem næst, ökuferðum um hvippinn og hvappinn af hinum ýmsu ástæðum.

Hugsað hefur verið vel um Jagúar skáldsins. Hér í yfirhalningu á sínum tíma.



En árið 1974 olli Halldór ansi miklum og stórum árekstri á Jagúarnum og ákvað í kjölfarið að hætta að keyra.

Dag nokkurn, líklega árið 1974, ók skáldið sem leið lá eftir Miklubraut til austurs. Öflugur mótorinn malaði og hummaði vinalega, skáldið púaði vindil, umferðin var þétt en jöfn. Við gatnamót Háaleitisbrautar kom hnökri á umferðina sem hægði á sér í heilu lagi og stöðvaðist loks að fullu. Ekki tókst betur til en svo að Halldór ók Jagúarnum aftan á næsta bíl á nokkurri ferð. Stór og rjómahvítur Saloon 340 lét nú um sig muna. (bls. 33)

Halldór varð miður sín eftir áreksturinn – en sem betur fer urðu engin slys á fólki.

Í frásögnum skáldsins og nákominna er ekki dregið úr. Þarna varð þrettán bíla árekstur. Hvað sem lögregluskýrslur segja um atvik þetta telja sannfróðir að ekki hafi, hvorki fyrr né síðar, jafn margir bílar komið saman í einum árekstri. Allt fór vel, ekki urðu slys á fólki, en framhluti Jagúarsins skemmdist umtalsvert. Skáldið varð miður sín yfir atvikinu, því tjóni, amstri og óþægindum sem það olli hinum bíleigendunum. Lét nú Halldór af akstri. En ekki af ástfóstri sínu við Jagúarinn. (bls. 33-34)

Óhætt er að mæla með bók Óskars, Jagúar skáldsins, sem er rituð af leiftrandi frásagnargleði þar sem ekki orði er ofaukið. Margar aðrar skemmtilegar sögur af Halldóri er að finna í bókinni – enda var skáldið óvenjulegur maður sem svaraði skemmtilega fyrir sig þegar svo var á honum gállinn.

Jagúarinn fræga má svo alltaf skoða sem og aðra skemmtilega muni sem voru í eigu skáldsins og fjölskyldu hans.

Heimild: Jagúar skáldsins. Óskar Magnússon. JPV útgáfa, Reykjavík, 2022.



Hugsað hefur verið vel um Jagúar skáldsins. Hér í yfirhalningu á sínum tíma.



Lára Garðarsdóttir



Hvað er svona merkilegt við það að vera karlmaður?

- Já, veistu alveg fullt

Bóndadagurinn markar upphaf þorrans og segir hefðin að húsmóðirin skuli kvöldið áður fara út og bjóða þorrann og bónda sinn velkominn í bæ, eins og ef um tignarlegan gest væri að ræða. Í tímans rás hafa áherslurnar breyst og er nú venja að gefa bónda sínum blóm eða aðra gjöf á fyrsta degi þorra. Viðlíka og gert er á konudaginn.

Í tilefni bóndadagsins og með stærsta alhæfingarhattinn sem fannst ætla ég að leyfa mér að telja upp nokkra kosti sem karlkynið hefur að geyma. Staðföst í þeirri trú að kynin eru ólík. Hvert og eitt hefur sína kosti og lesti. Mun pistillinn því endurspegla þau viðmið.

Fyrst og framar öllu er stærð karla og styrkur ómissandi þegar kemur að efri skápunum og að opna þrjóskar krukkur og dósir. Karlar eru nefnilega góðir í að teygja sig til aðstoðar og styrkir fingur þeirra eru ómissandi þegar á reynir. Armar þeirra grípa og umfaðma – veita öryggi og hlýju.

Stuttermabolur og snjóskófla fara oft saman hjá karlmönnum, sem væri nær óhugsandi fyrir flestar konur, en staðfest er að líkamshiti karla er hærri. Hlýjan sem frá þeim streymir er staðreynd og lífsbjörg, fyrir til dæmis króníska kaldar tær.

Kynið er áhættusæknara og fórnir þeirra stórar, án umhugsunar er gengið í verkið og sénsinn tekinn. Ást þeirra er berrössuð; Sama hvort öslað er út í straumharðar ár eða endalaust beðið og borið í verslunarmiðstöð. Ástin auglýsist í krafti verka og aðstoðar.

Karlmenn er skoðanaglaðir og samspil þess og rökhugsunar þeirra, verður álit þeirra ómissandi, sem þeir eru tilbúnir veita – gjarnan mjög hávært. En oftar en ekki reynist hjálplegt þá sérstaklega þegar staðið er frammi fyrir erfiðum ákvörðunum, nú eða vali á nýjum lit á naglalakki. Karlmenn láta sig málið varða.

Karlkynið er sterkt, hlýtt, staðfast og verndandi. Karlmenn eru hvunndagshetjur okkar allra.

Líf mitt væri fátæklegt og snautt ef mér hefði ekki hlotnast ást og stuðningur frá karlmönnum – og án þeirra myndi ég ekki vilja vera.

Takk fyrir allt, elsku bræður og bændur og innilega til hamingju með daginn ykkar.



ÍSLENSKI BARINN
EST. 2009
THE ICELANDIC BAR

Stranghreiðarlegur

Þorraplatti

Sviðakjammi og kartöflumús,
kæstur hákarl, harðfiskur, súrsaðir
hrútspungar, lifrarpylsa, blóðmör,
sviðasulta, hangikjöt, rófustappa,
rúgbrauð, flatbrauð og hrært smjör.

kr. 5.900,-





Ingólfsstræti 1a, 101 Reykjavík íslenskibarinn



Aðsend

Dagurinn sem ég gleymdi að hugsa um hann

Ást er fyrirbæri sem ég taldi mig þekkja. Þetta var fremur einfalt, ef ég elska einhvern þá þarf ég að sanna mig, ég þarf að sýna fram á að ég sé þess virði að elska. Ég fæddist inn í fremur leiðinlegar aðstæður, foreldrar mínir voru eldri en vanalegt þykir og voru fyrir löngu síðan orðin þreytt á hvort öðru. Ég sá aldrei ást á milli foreldra minna og fékk því skakka upplifun á samböndum frá byrjun. Í seinni tíð lærði ég að þau væru mannleg, eins og hver annar. Upplifun barna á foreldrum sínum er oft sú að þau séu eins konar æðri máttur sem skorti tilfinningar, það var allavega staðreynd í mínu tilfelli. Ég sá þau aldrei gráta eða hlæja, þau bara voru þarna. Stundum rifust þau, oftast lögðu þau ekki einu sinni á sig að hækka róminn. Ég fæddist inn í tannhjól sem löngu var skorðað, rútínan var ákveðin og ræturnar fastar.

Þegar ég varð unglingur fór ég að sækja í athygli frá hinu kyninu. Mig dreymdi um stíft samband, uppfullt af hatri, gremju og ást. Var það ekki annars þetta eftirsóknarverða við hjónabönd? Ég fór snemma að tengja vondar tilfinningar við ást. Ég þráði umhyggju og viðurkenningu en fæddist sem viðkvæm tilfinningavera inn í tannhjól kulda og hörku. Móðir mín var óhamingjusöm, það vissu allir. Ég vissi það líka en var sannfærð um að ég væri undirstaða vansældar hennar. Kannski mætti kalla þetta eins konar misskilning, staðreyndin var sú að ég kom inn í líf óhamingjusamrar móður, en með augum lítils barns er auðvelt að sjá sannleikann í röngu ljósi. Mamma var pirruð og reið við mig, hún öskraði á mig. Það hlaut að vera ég sem stóð í vegi fyrir að hún gæti lifað hamingjuríku lífi.

Það kemur líklega ekki á óvart að ég hafi sjálf endað í mannskemmandi samböndum. Mér var aldrei kennt hvernig karlmaður, eða nokkur annar, ætti að elska mig. Ég kynntist fyrsta kærastanum mínum 18 ára og var með honum í nokkur ár. Hann var skólabókardæmi um alkóhólista. Ég kenndi sjálfri mér um að hann þyrfti að drekka, ég væri svo skapstór og erfið. Hvernig ætti nokkur maður að þola mig ódeyfður? Samband okkar endaði þegar að hann réðst á mig.

Ég þoldi aldrei að vera ein og var fljót að finna mér næsta mann sem gæti staðfest það að ég væri einskis virði. Engin undantekning var þar á þegar fyrsta sambandi mínu lauk. Hann bauð mér í bíltúr, ég þurfti ekki mikinn umhugsunarfrest enda líklega myndarlegasti maður sem ég hafði nokkurn tímann séð. Ég man skýrt eftir augnablikinu sem ég horfði fyrst í augun á honum, á bak við fegurðina var óútskýranleg illska. Þetta augnablik var fyrsta af mörgum sem voru skýr merki þess að ég hafi átt að forða mér. Hann náði mér strax, ég hafði aldrei verið eins heltekin af neinu. Líklega hefur ekki verið aftur snúið frá fyrsta augnsambandinu, ég varð hugfangin, bæði af fegurðinni og illskunni.

Við tóku ár af ofbeldi, þráhyggju, neyslu og hatri. Mér leið eins og fanga, sama hversu oft ég endaði sambandið og sannfærði sjálfa mig um að nú væri þetta búið, skreið ég alltaf aftur til baka. Ég var viss um að þarna væri ég að upplifa sterkari ást en nokkurn tímann áður, þetta væri það sem allir væru að eltast við. Sorgin þegar hann hafnaði mér og léttirinn þegar hann tók við mér aftur kom mér í eins konar vímu. Ég hugsaði um lítið annað en hann, líf mitt fór að snúast um það að fá frá honum viðurkenningu, það gerðist aldrei. Líkamlega ofbeldið var ekkert í líkingu við það andlega, ég man sársaukann svo skýrt. Að lokum skildi hann mig eftir eins og brunarúst, gjörsamlega tóma og brotna. Hans verki var lokið.

Það tók mig þrjú ár að ná jafnvægi eftir hann, skilgreining mín á ást var skakkari en nokkru sinni fyrr. Fyrst um sinn gerði ég lítið annað en að deyfa mig, ég var hætt að nota hugbreytandi efni og sótti því í aðrar leiðir. Ég þráði ekki lengur viðurkenningu, frekar vildi ég vanlíðan og hatur. Ég var komin á þann stað að vera fullkomlega sama um aðra og fór eins og jarðýta í gegnum fjöldann allan af karlmönnum, í leit að einhverjum tilfinningum. Ég fann þær ekki, hvorki slæmar né góðar. Mér var einfaldlega sama. Á milli þess sem ég reyndi að deyfa mig var ég með þráhyggju fyrir ofbeldismanninum og lét eins og ég væri á launum við að fylgjast með samfélagsmiðlunum hans. Þetta ástand varði í tæp tvö ár en ég lærði rólega að átta mig á eigin virði. Ég skildi betur hvaðan ég væri að koma og hversu lítið ég vissi um ást og heilbrigð sambönd. Þegar ég kynntist manninum mínum reyndi ég ítrekað að fara frá honum, enda alveg viss um að ég bæri ekki vott af rómantískum tilfinningum til hans. Hann veitti mér öryggistilfinningu, sannfærði mig um að ég væri frábær og var minn allra besti vinur, meira var það ekki. Ég var aldrei hrædd um að missa hann, enda hafði hann ekki gefið mér ástæðu til þess. Hann reyndi ekki að breyta mér eða staðfesti á nokkurn hátt að ég væri ömurleg, það vantaði allt upp á það sem ég skilgreindi sem ást. Blessunarlega gafst hann aldrei upp á mér og eftir nokkrar tilraunir áttaði ég mig á því hvað það væri sem fengi mig til þess að hugsa svona mikið til hans, hver væri ástæða þess að ég saknaði hans þegar hann fór. Ég fékk loksins að upplifa ást, hún var ekki vond. Eftir nokkurn tíma af stríði við mínar eigin hugsanir rann upp sá dagur sem ég gleymdi einfaldlega að hugsa um ofbeldismanninn. Dagarnir urðu fleiri, ég sleppti hægt og rólega takinu. Ég var frjáls.



Leiklistargagnrýni



Jón Viðar Jónsson

Myndir/JORRI

„HEIMSFRÆGÐ“ VIÐ HVERFISGÖTU OG UMBROT Á „FRJÁLSU SENUNNI“

Það er mikið um „heimsfrægð“ í Þjóðleikhúsinu þessa dagana. Heimsfrumsýning á nýju leikriti eftir heimsfrægan þýskan höfund undir stjórn heimsfrægs leikstjóra – fyrsti hlutinn af glænýjum príleik og því sannkallaður heimsviðburður. Leikararnir eru að vísu ekki heimsfrægir, en þeir eru allir „stórleikarar“ að því er segir í hástemmdum kynningum leikhússins. Æi herra þjóðleikhússtjóri, er ekki hægt að hlífa okkur við svona skrumi? Við erum ekki að skapa leikhús til að verða heimsfræg, heldur til að vinna okkar eigin samfélagi gagn. Og svo er heimsfrægð svokölluð ekki nokkur minnsta trygging fyrir gæðum – það vitum við báðir mæta vel. En þó að frumsýningin á Ellen B sé enginn heimsviðburður, þá er hún allrar athygli verð. Marius von Meyenburg er afkastamikið leikskáld; hann stendur á fimmtugu og hefur sent frá sér eitthvað hátt í tuttugu leikrit. Hann er vel verki farinn, skrifar lipur samtöl og kann að byggja upp dramatísk átök milli persóna. Persónusköpunin í Ellen B er hins vegar ekki ýkja djúp sem stafar helst af því, að ég hygg, að skáldinu er öllu meira í mun að taka þátt í „me-too“-umræðunni, sem er hreyfiafl leiksins, en að búa til trúverðugt persónudrama. Formið er klassískt og kunnuglegt: fáeinar persónur eru staddar í afmörkuðu (lokuðu) rými; í fyrstu virðist allt með felldu, stemningin jafnvel létt og afslöppuð, en það varir ekki lengi og smám saman eru gamlar syndir og sjálfsblekkingar dregnar fram úr skápunum og kalla á uppgjör. Mörg fremstu leikskáld síðustu aldar sömdu áhrifamikla leiki með þessu sniði:

Strindberg, O´Neill, Sartre, Pinter – svo við nefnum bara þau frægustu! Þegar slíkir leikir heppnast vel, geta þeir tekið áhorfandann afar sterkum tökum og skilið hann eftir djúpt snortinn.

Það gerist nú tæpast að þessu sinni í Þjóðleikhúsinu, þó að áhorfendur fylgdust með af athygli og létu ánægju sína glöggt í ljós í sýningarlok. Það segir sig sjálft að verk sem þessi standa og falla með góðum leik, en ekki síst skynsamlegri hlutverkaskipan. Einn helsti gallinn á sýningu Þjóðleikhússins sýnist mér vera valið á Unni Ösp Stefánsdóttur í hlutverk þeirrar persónu sem má segja að sé miðdepill átakanna. Unnur Ösp gerir vel í því semhentar henni, en hún er of köld leikkona til að geta opnað fyrir þann kvíða, þann ótta og þá angist sem grípur konuna, þegar hún missir undirtökin; þá fékk túlkunin holan hljóm og tjáningin varð óþægilega forseruð, áreynslukennd. Aldursmunurinn á henni og sambýliskonunni, sem Ebba Katrín Finnsdóttir leikur, er ekki heldur nógu skýr og sumt sem sagt er um hana stemmir ekki rétt vel við það sem við sjáum. Auk þess var erfitt að skynja að á milli þeirra tveggja hefði verið og væri nokkur líkamleg ást; Ebba Katrín er efnileg leikkona, en hér varð hún of stíf og fjarlæg. Ég er hræddur um að lítið hefði orðið dramað ef Benedikt Erlingsson hefði ekki fyllt út í „Vonda kallinn" með úthugsuðum og svipmiklum hætti; þessum ógeðfellda manni er vart hægt að lýsa betur en hann gerði – fyrir nú utan hvað Benedikt hefur góða „replikku" eins og sagt er á leikhúsmáli og fer vel með móðurmálið; blóminn af yngri leikurum okkar mætti setjast við fótskör hans að læra hvernig skal tala á leiksviði. Leikritið á heima á minna sviði en stóra sviði Þjóðleikhússins; þetta er kammerleikur sem lifir best í sem mestri nánd sviðs og salar; Kassinn hefði átt að duga því betur. En það er auðséð að leikstjóri og leikmyndateiknari hafa áttað sig á þessum vanda og sú lausn sem þeir hafa fundið er hugvitsamleg og snotur; risastór hvítur sófi á upphækkuðum palli fremst á sviðinu undir ferhyrndu loftljósi skapar þétta umgjörð og kemur í veg fyrir að leikurinn týnist með öllu í rýminu. Engu að síður skil ég ekki hvaða nauðsyn Þjóðleikhúsið telur á því að flytja inn útlending til að annast leikstjórn. Með réttum kröftum á ekki að vera neinn sérstakur vandi að stýra leiknum; þar þarf enga „heimsfrægð" til; við eigum nóg af innlendum kröftum sem hefðu ráðið jafn vel



Myndir/JORRI

eða betur við verkefnið, fólki sem aukinheldur þekkir leikendavalið betur en hægt er að ætlast til af útlendingi. Ellen B er kynnt sem fyrsti hluti „þríleiks" sem frumsýndur verður í heild síðar á þessu ári, leikur nr. 2 fljótlega, en nr. 3 ekki fyrr en í haust. Þetta virðist óneitanlega allkyndug tilhögun, því að verk sem þessi hljóta að njóta sín best í sem skýrustu samhengi; ég geri ráð fyrir að ástæðurnar hljóti að vera praktískar, þó að ég þekki þær ekki. En við sjáum hvað setur og spyrjum að leikslokum.

Einhvers staðar sá ég haft eftir þjóðleikhússtjóra að áhorfendur hefðu enn ekki skilað sér nógu vel aftur eftir kóvidið. Svipaða sögu mun að segja hjá fleiri listastofnunum. Sóttin hefur slegið okkur flest út af laginu með ýmsu móti og staðan verður ugglaust óljós enn um stund. Almennt séð virðist mér Þjóðleikhúsið þó vera að komast á nokkuð góða siglingu eftir að Magnús Geir tók við stjórn þess. Leikfélag Reykjavíkur í Borgarleikhúsinu hefur farið sér öllu hægar; þar hefur Bubbi níu líf, danska drykkjuleikinn hef ég ekki enn séð, en væntanlegar eru spennandi sýningar, einkum auðvitað Macbeth Shakespeares og Marat/Sade Peters Weiss. Tjarnarbíó, miðstöð frjálsu leikhópanna, hefur starfað af þrótti frá því snemma í haust og frumsýndi nú eftir áramót verk sem þau kalla Ég lifi, leikrænt verk um vanda þess að eldast, í líflegri og á stundum hugmyndaríkri sviðsetningu Rebekku Ingimundardóttur, en sýningin líður því miður fyrir veika byggingu og ósköp fátæklegan texta.

Þá er til tíðinda að yngri óperusöngvarar eru að sækja í sig veðrið; Íslenska óperan lætur þessa krafta ónýtta – sem er óskiljanlegt – svo þeir hafa tekið málin í sínar hendur; í haust sá ég tvær prýðilegar sýningar þannig til komnar, Marþöll Þórunnar Guðmundsdóttur í Gamla bíói (sem enn er ídealt fyrir minni óperur) og revíukennda útfærslu á Cosi fan tutte Mozarts í Iðnó; Bjarni Thor Kristinsson stýrði þeim báðum. Þá sýndi hópur ungra söngvara, sem kallar sig Óð og hefur fengið að hreiðra um sig í Þjóðleikhúskjallaranum (sem leikhúsið fær prik fyrir), einkar skemmtilega útgáfu á Ástardrykk Donizettis í fyrra. Nú eftir nokkrar vikur ætla þau svo að frumsýna aðra af frægustu óperum þessa meistara belcantosis, Don Pasquale. En við verðum að bíða fram í mars eftir lífsmarki frá Íslensku óperunni sjálfri sem þá hefur boðað nýja uppfærslu á hinni ódauðlegu Madame Butterfly Puccinis. Þannig að, sem sagt, það er margs að hlakka til fyrir okkur leikhúsunnendur á næstu vikum og mánuðum.

Jón Viðar Jónsson



Reynir Traustason

Hundurinn sem hrapaði



Það mátti heyra niðurbælt skelfingaróp frá göngufólkinu sem horfði á hundinn hrapa um 10 metra fram af hamri. Dýrið lenti á bakinu með dynk og kastaðist örlítið upp aftur eins og hálfvindlaus bolti.

Rakkinn Tinni hefur fylgt mér í flestum ferðum mínum um fjöll á Íslandi. Lauslegur útreikningur leiðir í ljós að hann hafi fylgt mér í 1.500 fjallgöngum. Tinni er af tegundinni American Cocker Spaniel sem þykir ekkert sérlega gerð fyrir fjallgöngur. Þessi tegund er frekar smávaxin og lágt undir kvið. Það er því fátt sem gefur til kynna að hann búi yfir getu á þessu sviði. En reynslan er önnur. Hann hefur farið allra sinna ferð um fjöll og að mestu án utanaðkomandi hjálpar. Undantekningin er lokakaflinn upp á Þverfellshorn Esjunnar. Þar er að finna áltröppu sem hjálpar göngumönnum að klöngrast upp hamarinn. Þar þarf að lyfta undir Tinna.

Við félagarnir höfum þvælst um allar koppagrundir. Í lífi hundsins er það gjarnan hápunktur vikunnar þegar við förum með Ferðafélagsfólki í helgargöngur. Þegar hann sér að ég tek til bakpokann lifnar hann við og sest við útidyrnar og bíður. Dagana sem ég fer ekki á fjöll notar hann til að hvílast og sofa. Svona hefur þetta verið síðan þessi átta ára rakki var fjögurra mánaða.



Erfiðasta ferð hundsins var þegar við gengum á Krák, það fjall sem var hvað lengst úr alfaraleið. Krákur er um 25 kílómetra frá Hveravöllum, útvörður Arnarvatnsheiðar í austri. Við félagarnir úr gönguklúbbnum Sófistum ákváðum að tjalda miðri leið að fjallinu. Veður var ekki með besta móti. Það var súld og kalt. Vætan smaug í gegnum hlífðarfötin. Tinni var orðinn hundblautur og í hvert skipti sem við stoppuðum leitaði hvolpurinn skjóls. Við stoppuðum stutt á hæsta tindi Kráks og héldum strax til baka og í tjaldbúðirnar. Ég gaf hundinum kjötbita, fékk mér kakóbolla, og skreið örþreyttur inn í tjaldið og hundurinn á eftir mér. Til að einangra okkur frá jörðu hafði ég álteppi í botninn. Ég steinsofnaði á augabragði. Um miðja nótt vaknaði ég við hvisshljóð og uppgötvaði mér til ógleði að örþreyttur hundurinn var að hafa þvaglát. Það varð handagangur í öskjunni þegar ég skutlaði mér út úr tjaldinu og hóf hreinsistarfið. Ég hafði ekki brjóst í mér til að skamma hvolpinn fyrir að pissa undir eftir að þá þrekraun sem hann gekk í gegnum á tuga kílómetra göngu.

Tinni komst einu sinni í lífsháska. Þá vorum við að koma niður snarbratt Bakkaskarð í Skálavík á heimleið frá Galtarvita ásamt hópi fólks frá Ferðafélagi Íslands sem var að koma frá því að njóta þess að vera í vitanum í Keflavík í algjörri einangrun við ysta haf. Frá brún liggur gönguleiðin um snarbratta skriðu. Leiðin klofnar neðar þar sem göngufólk getur valið milli þess að fara hinum megin við klett sem klýfur skriðuna. Sumir göngumanna tóku þá ákvörðun að fara upp fyrir klettinn en aðrir fikruðu sig meðfram honum. Það var þá sem Tinni missti áttir. Hann tók á sprett og ætlaði að fylgja þeim sem tóku krókinn en hætti við og anaði beint af augum, fram af klettinum. Ég sá í sjónhendingu hvar hundurinn féll til jarðar. Mér sortnaði fyrir augum. Þetta gat varla orðið annað en bani hans. Ég sá hvernig Tinni skall á jörðinni á grastó neðan við klettinn og kastaðist aftur á loft. Mér virtist einsýnt að rakkinn væri allur og hraðaði mér til hans.

Í nokkrar sekúndur lá hundurinn hreyfingarlaus á bakinu með lappirnar upp í loftið. Áhorfendur voru sem stjarfir vegna örlaga dýrsins. Um það leyti sem ég kom að hundinum sá ég hreyfingu á honum, mér til ofboðslegs léttis. Svo velti hann sér með erfiðleikum á fæturna og stóð upp. Í smátíma var sem hann héldi ekki jafnvægi og hann skjögraði. Ég settist hjá honum og grandskoðaði hann. Hryggurinn var heill og hann stóð í fæturna. Við héldum áfram niður í Skálavík. Ég fylgdist grannt með dýrinu. Hundurinn bar ekki nein einkenni þess að fallið hefði skaðað hann. Tinni hafði komist upp með að hrapa 10 metra. Þetta var ekkert nema kraftaverk.

AUGLÝSTU HJÁ OKKUR



MANNLÍF

Vín og matur

ELSA@MANNLIF.IS



LOGI GEIRSSON

Fjölskylduhagir?
Einstakur tveggja barna faðir.

Menntun/atvinna?
Viðskiptafræðingur og einkaþjálfari. Held fyrirlestra og þjálfa fólk hjá FjarForm.

Uppáhaldssjónvarpsefni?
Breaking Bad

Leikari?
Clint Eastwood

Rithöfundur?
Brian Tracy

Bók eða bíó?
Bók

Besti matur?
Medium rare nautasteik (Rib eye cap)

Besti drykkur?
Prótein eftir góða æfingu en annars er gaman að fá sér Tignanello rauðvínsglas með matnum á hátíðardögum.

Nammi eða ís?
Hvorugt

Kók eða pepsi?
Pepsi Max

Fallegasti staðurinn?
Grundarfjörður, Kirkjufell Oceanfront Villa á insta.

Hvað er skemmtilegt?
Vera til, vera frjáls og lifa hratt. Lífið er alltof stutt til að hafa ekki gaman. Ferðast og skoða heiminn, keyra mótorhjól og vera með fólki.

Hvað er leiðinlegt?
Hafa lítið að gera. Ekki gera hluti sem þú hefur ekki áhuga eða ánægju af.

Hvaða flokkur?
2. fl FH 2001 (hinn goðsagnakenndi)

Hvaða skemmtistaður?
Kjarvalstofa er toppurinn

Kostir?
Úff þeir eru svo margir, góður Pabbi.

Lestir?
Ekki neitt sem truflar mig.

Hver er fyndinn?
Sá sem tekur sig ekki of alvarlega.

Hver er leiðinlegur?
Þeir sem hafa ekki góða orku, tengi ekki við þannig fólk. Fólk gleymir oft að maður ræður því hvernig manni líður

Mestu vonbrigðin?
Vinna ekki gullverðlaun á Ólympíuleikunum í Peking 2008

Hver er draumurinn?
Ég

Mesta afrek sem þú hefur unnið á þessu ári?
Byrjaði að skrifa bók og skrifaði undir stóran samning. Standa með sjálfum mér.

Ertu búinn að ná öllum þínum markmiðum?
Já, flestum en ég er kominn með mörg ný.

Vandræðalegasta augnablikið?
Ég er oft að koma mér í vandræðalega stöðu og hef bara gaman af því.

Mikilvægast í lífinu?
Börnin mín tvö og heilsan.





Björgvin Gunnarsson

Leikritið sem endaði með falli

Mér áskotnuðust tveir leikhúsmiðar um daginn og ákvað að bjóða samstarfskonu minni sem reyndar er einnig gömul vinkona mín að austan. Hún hafði ekki farið lengi í leikhús og var því nokkuð spennt og ég var sjálfur afar spenntur enda lengi verið viðloðandi leikhús þó að lítið hafi farið fyrir því síðustu árin. Ég var formaður leikfélags þegar ég var að mig minnir 24 ára og vissi ekki neitt í minn haus, en það er önnur saga. Í leikhús fórum við.

Um var að ræða frumsýningu á Shakespeare-verkinu Macbeth, hvorki meira né minna. Hvorugt okkar hafði séð verkið áður, en vissum þó að um harmleik væri að ræða. Þegar við vorum mætt litum við í kringum okkur og sáum sirka níutíu prósent af öllu frægu fólki á Íslandi. Án þess að ég fari að „name droppa“ of mikið þá var frú Vigdís Finnbogadóttir sjálf þarna, en hún er gömul leikhúsrotta eins og ég (en þar með líkur samanburði á okkur Vigdísi) en einnig flestir leikarar landsins, fjölmiðlafólk og fleira gott fólk. Ef Borgarleikhúsið hefði brunnið með öllu fólkinu þetta kvöld væri Auddi Blö sennilega frægasti Íslendingurinn á lífi, ekki að það væri eitthvað slæmt, en hann sá ég ekki þetta kvöld.

Sýningin var í heildina bara þokkaleg. Leikurinn var góður, útlitið mjög flott, en að okkar mati var það allt of langt. Það hjálpaði reyndar ekki að bilun varð í tækjabúnaðinum á sviðinu þannig að leikritið tafðist um 20 mínútur og í raun voru tvö hlé. Það byrjaði klukkan 19 en ég var ekki kominn heim fyrr en um 23.30, það er fullmikið fyrir minn smekk enda er ég orðinn miðaldra. Við vinkonan skemmtum okkur samt konunglega (eða drottningarlega ef því er að skipta) enda bráðskemmtileg bæði tvö. En þá kem ég að tilgangi þessa pistils en hann er sá sami og hjá manninum sem tilkynnti það í blöðunum snemma á síðustu öld, að hann hefði ekki dottið í það á einhverri skemmtuninni, þrátt fyrir kjaftasögur um það. Og af hverju þarf ég tilkynna það? Lesið áfram til að komast að því.

Fyrst skal taka fram að þessi saga gerist á föstudeginum 13., þekktum óhappadegi. Áður en vinkona mín mætti hafði verið keyrt aftan á bílinn hennar og var hún nokkuð aum í bakinu á sýningunni. Var þetta í annað skiptið þann daginn sem keyrt var á bílinn hennar en einnig hafði verið bakkað á hann á meðan hún vann. Í báðum hléunum (tækjabilunarhléinu og hinu hefðbundna) var ég nærri því dottinn í þrepunum á leið út úr salnum en náði að halda mér á fótum. En þegar við vinkonan ásamt öllum fínu gestunum, frú Vigdísi og fleirum, gengum út úr salnum í hinsta sinn það kvöldið kvað við annan tón. Þrátt fyrir að vanda mig mjög við að ganga upp þessi blessuðu þrep tókst mér einhvern veginn að missa fótanna. Að sönnum herramannsstíl greip ég í vinkonu mína í örvæntingarfullri tilraun til að bjarga mér frá falli, en allt kom fyrir ekki. Ég riðaði sífellt meira til falls og greip þeim mun fastar í axlir vinkonu minnar sem af einhverjum ástæðum gaf frá sér eitt fyndnasta öskur sem ég hef á ævinni heyrt, ég get ekki með nokkru móti útskýrt það fyrir lesendum en ég get fullvissað ykkur um að allir, þar með talin frú Vigdís Finnbogadóttir, heyrðu þetta og litu á okkur. Áður en ég vissi hafði ég klesst vinkonu mína upp við vegg og dottið á rassinn sjálfur. Við þetta meiddi hún sig enn meira í bakinu og ég fékk hnykk á vinstri öxlina sem var löskuð fyrir. Við reistum okkur við í hvelli og drifum okkur út. Þegar út var komið öskurgrenjuðum við úr hlátri og komum varla upp orði.

Þannig að, ef ske kynni að einhvern kannaðist við mig og vinkonu mína í Borgarleikhúsinu og hafi orðið vitni að þessu hrottafengna falli og öskrunum í vinkonu minni, þá vorum við bláedrú. Ég hafði reyndar drukkið eitt kampavínsglas klukkan 18.30 og þarna var liðinn ansi langur tími síðan, en að auki þarf ég talsvert meira magn af áfengi til að standa ekki í lappirnar. Ég gúffaði í mig súkkulaðikúlum og drakk Pepsí Max eins og auli og því ekki hægt að kenna drykkju um fallið. Ég er bara óskaplega klaufskur maður og þar sem ég er vel þungur líka er kannski ekkert skrítið að vinkonan hafi öskrað þessi ósköp er ég féll á hana.

Graskers-bananabrauð



Bæði sætt og kryddað; Graskers-bananabrauð er fullkomið fyrir hin ýmsu tilefni! Grasker er vinsælt hráefni í matargerð á haustin og nýtur mikilla vinsælda í Bandaríkjunum - eitt af mínu uppáhaldi þegar haustar. Ég elska að nota það í eftirrétti eins og grasker „crisp“, sem og í bragðmikla rétti eins og chili-grasker. Graskers-bananabrauð er enn ein leið til að fella þetta haustmiðaða hráefni inn í líf þitt.

2 meðalstórir bananar (maukaðir)
1⅓ bolli graskersmauk
1/2 bolli hlynsíróp
1/2 bolli púðursykur
1/3 bolli olía
2 stór egg
2½ bolli hveiti
2 tsk graskersbökukrydd
(pumpkin pie spice)
1 tsk. lyftiduft
1 tsk. matarsódi
1/2 tsk. salt
3/4 bolli súkkulaðibitar auk fleiri fyrir ofan
(bæði valfrjálst)

Forhitið ofninn í 175 °C og smyrjið brauðform svo að graskersbananabrauðið festist ekki. Setjið bananana, graskersmaukið, hlynsírópið, púðursykurinn, olíuna og eggin í stóra skál og blandið saman.

Takið til aðra skál. Þeytið saman hveiti, graskersbökukrydd, lyftiduft, matarsóda og salt. Bætið þurrefnunum hægt saman við blautu hráefnin og blandið þar til allt hefur blandast vel saman — gætið þess þó að blanda ekki of mikið.

Brjótið súkkulaðibitana varlega saman við deigið og hellið því í bökunarformið. Að því loknu getið þið líka stráð smá auka súkkulaði yfir, en það er smekksatriði.

Bakið í ofni í 55 til 60 mínútur, eða þar til prjónn sem stungið er í miðjuna kemur hreinn út. Látið graskersbananabrauðið kólna í að minnsta kosti 10 mínútur áður en það er tekið úr forminu. Skerið og njótið!

sumar 2023

Portugal Albufeira

Beint flug

Eitthvað fyrir alla...

Albufeira býður upp á allt sem þarf fyrir skemmtilegt frí, með glæsilegum ströndum, dásamlegu loftslagi, fjölbreyttri starfsemi og iðandi andrúmslofti.

Albufeira er kjörinn staður fyrir pör, vinahópa og fjölskyldur en hér er að finna skemmtilega afþreyingu fyrir allan aldur.

Frábært verð!
Flug & hótel frá
117.800
á mann

Fyrir 2
Flug & hótel frá
138.200
á mann

Clube Albufeira Garden Village



8. júní í 11 nætur ★★★☆☆

Frá kr. 128.475 á mann
verð m.v. 2 fullorðna og 2 börn eða 173.950 m.v. 2 fullorðna

Innifalið: Flug, Gisting, Án fæðis

Bayside Salgados



19. júní í 8 nætur ★★★☆☆

Frá kr. 117.800 á mann
verð m.v. 2 fullorðna og 2 börn eða 138.200 m.v. 2 fullorðna

Innifalið: Flug, Gisting, Án fæðis

Apartamentos do Parque



27. júní í 7 nætur ★★★☆☆

Frá kr. 126.275 á mann
verð m.v. 2 fullorðna og 2 börn eða 156.150 m.v. 2 fullorðna

Innifalið: Flug, Gisting, Án fæðis

Quinta Pedra Dos Bicos



4. júlí í 7 nætur ★★★★☆

Frá kr. 137.375 á mann
verð m.v. 2 fullorðna og 2 börn eða 157.150 m.v. 2 fullorðna

Innifalið: Flug, Gisting, Án fæðis

Salgados Dunas Suites



11. júlí í 7 nætur ★★★★★

Frá kr. 178.350 á mann
verð m.v. 2 fullorðna og 2 börn eða 225.900 m.v. 2 fullorðna

Innifalið: Flug, Gisting, Morgunverður

Salgados Beach Villas



18. júlí í 7 nætur ★★★★☆

Frá kr. 204.072 á mann
verð m.v. 4 fullorðna og 3 börn eða 248.025 m.v. 2 + 2

Innifalið: Flug, Gisting, Án fæðis